

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 13. september 2021 klukkan 11:06

Titill

Keltneskar þjóðir og tungur.

Höfundur

Hermann Pálsson (1921-2002)

Tímarit

Íslenskt mál og almenn málfræði

21. árgangur 1999

1. tölublað

Bls. 161-171

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/000535970>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við rétthafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi rétthafa.

*Keltneskar þjóðir og tungur*¹

HERMANN PÁLSSON

0. Inngangur

Þeim hluta nafnafræði (*onomatologia*) sem varðar tungnaheiti, þjóðaheiti og landa hefur ekki ávallt verið fullur sómi sýndur í íslenskum fræðiritum; þess eru jafnvel dæmi að einstaka landsheiti í fornritum vorum hafi verið rangskýrð. Nú er hugmyndin að ráða ofurlitla bót á þessum annmarka með því móti að ræða íslensk nöfn á keltneskum þjóðum og þeim löndum sem þær byggðu fyrir á öldum; tungnaheiti eru yfirleitt af sama stofni og nafn þjóðar. Mér er ekki kunnugt um að neinn hafi tekist á hendur að fjalla skipulega og í heild um þau íslensku nöfn sem lúta að Keltum; þó hefur verið drepð á einstaka vandamál af þessu tagi, svo sem brátt verður rakið.

Tvö vandamál vaka einkum fyrir mér. Í fyrsta lagi er um að ræða uppruna og feril þeirra heita sem notuð voru um keltneskar þjóðir og þjóðlönd fyrir á öldum. Bárust þau hingað beint frá Keltum eða um millilið? Slíkt atriði skiptir miklu máli þegar fengist er við að rannsaka kynni forfedra vorra af öðrum þjóðum. Í öðru lagi hafa sumir skýrendur ekki átt að sig á nákvæmri merkingu ýmissa landaheita. Heitin *Bretland* og *Skotland* gegna öðrum hlutverkum í sumum fornritum en nú tíðkast, og hitt hefur einnig þvælst fyrir mönnum að átta sig til hlítar á nafninu *Skoti*. Nú skal ekki dvelja tímann lengur með tómun orðum heldur vinda bráðan bug að viðfangsefni og rekja uppruna keltneskra tungnaheita og þjóða í íslensku, hvert af öðru.

1. Írar, Írland, írskr

Einsætt er að forfedur vorir höfðu þegar frá upphafi landsbyggðar og víslega fyrir kynni af Írum og írskri tungu, enda áttu ýmsir þeirra ætt-

¹ Greinarkorn þetta var upphaflega lokaspættur í ritdómi um bók Helga Guðmundssonar *Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum* (Reykjavík 1997). Ritdómurinn birtist í *Skírni* (haust 1999), bls. 494–508, en ritstjórar *Skírnis* felldu kaflann niður til styttingar. Í þeirri gerð sem nú birtist hef ég sleppt ýmsum ádeilum á verk Helga. Þess er skylt að geta að í síðasta hefti *Íslensks máls* birtist ritdómur eftir Þórhall Eyþórsson um bók Helga. Ritstjóra *Íslensks máls* þakka ég skynsama gagnrýni og ábendingar.

ir að rekja til Írlands og Suðureyja; forfeðrum vorum hefur einnig verið ljóst að aðrar annarlegar tungur gengu um Vesturlönd. Ég tel engan vafa leika á því að orðin *Írar*, *Írland* og *írskr* séu komin úr ensku í norrænu fyrir Íslands byggð, enda skal þess getið að ensku fyrirmyndirnar voru komnar á bókfell þegar á 9. öld: *Íras*, *Íraland*, *irisc*. Engilsaxar fengu þessi tökuorð úr írsku milliliðalaust.

Stofninn *ír-* er sambærilegur við nafnið *Ériu*, hið forna heiti Írlands, sem nú heitir Éire. Hins er þó rétt að minnast að kvenkynsorðið *íriu* á fornírsku merkti 'land, jörð', og vitaskuld er hér um að ræða tvímyndir af sama nafninu. Ekki verður staðhæft hvenær norrænir menn fengu fyrst tökuorðin *Írar*, *Írland* og *írská*, en hiklaust má ætla að það hafi verið fyrir víkingaöld: þessi orð voru hluti af þeirri norrænu tungu sem Ingólfur Arnarson og eftirverar hans fluttu með sér til Íslands og eru því eldri í móðurmáli voru en írsku tökuorðin sem bárust hingað milliliðalaust á landnámsöld.² Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) virðist þó gera ráð fyrir að þjóðarheitið *Írar* sé tökuorð komið hingað beint úr írsku:

Íri k 'maður í eða frá Írlandi', dregur nafn af landinu sem heitir á ffr. *Ériu* (ef. *Érenn*), sbr. kymbr. *Íwerddon*. Uppruni óviss. E.t.v. < **epi-veriō* 'ey, haugur' e.þ.h., af ie. rót **uer-* 'girða, verja', sbr. *verja* (4).

Norðmenn og Danir voru ekki einir um að þiggja orð sem merktu 'írsku', 'Íra' og 'Írland' úr ensku; sama máli gegnir um Frakka, Þjóðverja og aðrar þjóðir á meginlandi Evrópu. Ýmis örnefni hérlandis eru kennd við Íra, svo sem *Írá*, *Íraheiði*, *Írafell*, *Írland* (Snæf.), *Írlönd* (Barð.), *Íralækur*.

Þótt Írar notuðu rótina *ér-* til að mynda heiti landsins *Ériu*, þá beittu þeir öðrum stofni í nöfnum þjóðar sinnar og tungu. *Goíðil* (ft.) merkti 'Íra, írská þjóð' og *Goídelg* 'írská tungu'. Þaðan eru komin nútímanöfnin *Gaoidhealg* 'írská' og *Gàidhlig* 'þær írsku mállýskur sem ganga í Skotlandi'. Hér er um að ræða sama orðið og síðara liðinn í

² Ástæða er til að gera greinarmun á tveim kvíslum norrænnar tungu sem runnu hér saman og mynduðu móðurmál vort. Meginfljótið kom austan úr Noregi en smá-sytra spratt upp í landsuðri og barst hingað með landnemum frá Írlandi og Suðureyjum. Helstu frábrigði hinnar vestrænu kvíslar voru keltnesk tökuorð, sem munu yfirleitt vera eldri í tungunni en Íslands byggð.

örnefninu *Gaddgeðlar* 'Galloway', sem bregður fyrir í Orkneyinga sögu, komið af *Gallgoíðil* með norrænni fleirtöluendingu og brottfelldum sérhljóða. Eintalan mun hafa verið **Gaddgeðill* 'blendingur, maður sem var írskur í aðra ætt og norrænn í hina'. Fyrri liðurinn á *Gallgoíðil* merkti 'útlendingur, Norðmaður'. Íslenska lýsingarorðið *gelískur* er nýlegt tökuorð úr dönsku eða norsku (*gælisk*), en það er komið þangað úr ensku (*Gaelic*). Ef málfræðingar hefðu reynt að hagnýta sér fornan orðaforða væri keltneskt móðurmál Suðureyinga og Hálendinga sennilega kallað **geðlíska* (með stafa- eða hljóðavíxlun hefði þetta orðið **geðlíska*!).

Enska heitið *Íraland* hefur valdið fræðimönnum nokkru hugangri. Svo hagar til að Elfráður Englakonungur (870–99) snaraði úr latínu veraldarsögu eftir Paulus Orosius (h.u.b. 385–42) og jók í verk-ið tveim þáttum af sæförum. Annar þeirra hét Óttar (Ohtere) og var háleyskur, úr nyrstu byggð Noregs; hann kunni ýmislegt fróðlegt að segja af norðurhjara allt til Gandvíkur og Bjarmalands. Óttar nefnir kaupstaðinn Skíringssal (*Scíringeshéal*) suður í landi og segir að þangað verði siglt af Hálogalandi, þannig 'að á stjórnborða verður fyrst fyrir **Íraland** og síðan þær eyjar sem liggja á milli **Íralands** og þessa lands [þ.e. Englands þar sem þátturinn var skráður].'³ Útgefendur hafa lagt til að breyta *Íraland* í *Ísaland* og þá virðist allt falla í ljúfa löð, nema að því leyti að óvíst er hvenær Englar fóru að nota heitið *Ísaland*. Auk þess eru textabreytingar yfirleitt heldur vafasamar lausnir á slíkum vandamálum.

Skynsamlegasta skýringin á *Íralandi* í Óttars þætti sem birst hefur á prenti er komin frá Birni Þorsteinssyni en hún er sú að *Íraland* sé 'Ísland' og kennt við þá Íra (papa) sem voru hérlandis þegar norrænir landnámsmenn komu hingað (Björn Þorsteinsson 1965a:72-81). Sama ár birtist önnur grein eftir Björn og hné hún á sömu lund: „Um 870 hefja norrænir og keltneskir menn landnám á Íslandi. Nokkru síðar nefnir Óttar af Hálogalandi Ísland Íraland í viðræðum við Elfráð ríka, konung Engil-Saxa” (Björn Þorsteinsson 1965b:361). Einsætt er að eylönd þau sem liggja milli Íralands og Englands og eru á stjórnborða þegar siglt er í suður af Hálogalandi hljóta að vera Færeyjar, Hjaltland og Orkneyjar.

³ “And on þæt stéorbord him bið ærest Íraland, and þonne ðá ígland þe synd bet-ux Íraland and þissum lande” (Bright 1891:41).

2. Skotar, Skotland, skozkr

Svipuðu máli gegnir um orðin *Skotar*, *Skotland* og *skozkr* og írsku þrenninguna sem þegar var nefnd, að þau munu hafa borist í norrænu úr fornenskri tungu, þar sem fyrirmyndirnar eru *Scottas*, *Scotland*, *scyttisc*. Nú er þess skylt að geta að í ýmsum latneskum fornritum eiga slík orð við 'Íra' og 'Írland'. Í lífssögu Kolumkilla (*Vita Sancti Columbae*) notar Adomnan ábóti (d. 704) heitið *Scotia* um Írland, og Dicuilus munkur hinn írski kallar Írland *nostra Scottia* 'Skotland vort' í riti sínu um mælingu jarðkringlu (*Liber de mensura orbis terrae*, 825). Írar fóru að setjast að í Vestur-Skotlandi ekki síðar en um 500, og til þeirrar nýlendu sem kennd er við Dál Riata er að rekja þá hefð að nota enska orðið *Scottas* um þá íbúa Skotlands sem mæltir voru á gelíska eða írsku tungu. Hitt kemst ekki í tísku fyrr en löngu síðar að allir íbúar Skotlands væru kallaðir Skotar, hverja tungu sem þeir töluðu. Enska heitið *Scottas* er komið úr latínu, en á þeirri tungu voru Írar kallaðir *Scotti* allt frá því á fjórðu öld e. Kr. Á miðöldum var latneska orðið *scottice* = *scotice* stundum notað um írsku tungu.

Í þessu sambandi er rétt að minnast staffræðingsins forna sem talinn er hafa samið ritgerð sína (Fyrstu málfræðiritgerðina) um miðja tólftu öld. Hann víkur að Skotum í sambandi við framburð bókstafsins *c* í latínu (eða táknun hljóðsins /k/) og segir að þeir beri hann ávallt fram sem *k*, jafnvel á undan *e*-i og *i*-i. Mér virðist hægt að verja þá skoðun að nafnið *Skotar* í slíku sambandi sé tvírætt og eigi við annað tveggja Skota sjálfa eða Íra, en Hreinn Benediktsson (1972:194) er ekki í neinum vafa og staðhæfir ákveðið að staffræðingur hafi Íra í huga.⁴ Hinn forni fræðimaður lætur sér þó annnt um að skrifa skýrt og ég á bággt með að trúa því að hann hafi farið að rugla lesendur í ríminu með því að nota heitið *Skotar* í óvenjulegri merkingu.

Í íslenskum fornritum virðist orðið *Skotar* yfirleitt merkja 'írskumælandi íbúa á meginlandi Skotlands'. Margir Suðureyingar mæltu sömu tungu, en fæstir þeirra lutu Skotakonungi fyrr en með þeim

⁴ Um skoskan framburð *c*-s farast Hreini orð á þessa lund: "But that this information was derived from a Latin literary source, rather than directly from an Irish source, is suggested by the term *skotar*, corresponding to Latin *Scoti*, instead of *írar*" (Hreinn Benediktsson 1972:194). En hvernig komst Hreinn að þeirri vitneskju að heimild staffræðings gæti verið írsk fremur en skosk?

samningi Norðmanna og Skota sem gerður var í Perth árið 1266, þegar Magnús lagabætur seldi Alexander Skotakonungi „Mön og Suðureyjar allar“. Þótt nafnið *Skotland* í fornsögunum gegni yfirleitt sama hlutverki og nú, að undanskildum Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum, þá bregður einstaka sinnum fyrir að það sé notað í þrengri merkingu og lúti þá að því svæði í Vestur-Skotlandi sem fyrst var byggt Skotum (= Írum). Hér skal nefna dæmi. Í Landnámu segir að þeir Þorsteinn rauður og Sigurður jarl í Orkneyjum „unnu Katanes ok Suðrland, Ros ok Merrhæfi ok **meir en hálf Skotland**“ (*Landnám* 1968:136, leturbr. HP). Feitletruðu orðin merkja ‘meira en helminginn af því svæði sem kennt er við Dál Riata á Vestur-Skotlandi’. Með öðrum orðum: *Skotland* hér er sambærilegt við hin fylkin fjögur: Katanes, Suðurland, Ros og Merrhæfi. Orðalag í Orkneyinga sögu bendir til að skrifari hafi ekki átt að sig á heitinu Skotland í þrengri merkingu: „... ok unnu þeir Katanes allt og mikit annat af Skotlandi, Mærhæfi ok Ros“ (*Orkneyinga saga* 1965:8). Og í Laxdælu segir um Þorstein rauð að hann „eignaðisk hálf Skotland og varð konungr yfir“ (*Laxdæla* 1934:7), þar sem heitið er notað um allt meginland Skotlands.

Í Merlínusspá beitir Gunnlaugur Leifsson (d. 1219) orðinu *Út-Skotar* og mun hann þá hafa haft í huga Suðureyja, en þeir voru margir mæltir á gelísku eins og Skotar á meginlandinu, jafnvel þótt þeir lytu öðrum konungi.⁵ Kenningarnar *Gandvíkur Skotar* og *skyld-Bretar fjöru þjóðar* sem notaðar voru um ‘jötna’ mega heita einstæðar.

Á írsku og gelísku er Skotland nú kallað *Alba*, en það orð var upphaflega notað um Bretland í heild og stundum um Írland. Ætla má að nafnið *Alba* í núverandi merkingu sé ekki öllu eldra en upphaf norrænnar byggðar á Íslandi.

3. Bretar, Bretland, brezkr

Orðin *Bretar*, *Bretland* og *brezkr* munu einnig vera komin í norrænu úr fornensku, sem hefur ýmsar myndir af þessum orðum, svo sem

⁵ Engri átt nær sú hugmynd Sveinbjörns Rafnssonar (1999:387) að heitið *Út-Skotar* kynni að merkja Orkneyja. Á dögum Gunnlaugs Leifssonar mun norræna hafa verið eina tungan sem gekk í Orkneyjum. Eyjarskeggjar fóru ekki að lúta Skotakonungi fyrr en á síðara hluta 15. aldar.

Brettes, Brytas; Bretland, Briten; Brittisc, Bryttisc o.s.frv. Þótt enska landsheitið merkti jafnan Stóra-Bretland í heild, þá lýtur stofninn *Britstundum* að Walesbúum, rétt eins og verður í íslensku. *Brittas* og önnur orð í þessum hópi eiga vitaskuld fornar rætur að rekja til latneskrar venju, en allt frá því í klassískri fornöld tíðkaðist orðið *Britannia* um Stóra-Bretland og var þó stundum notað um Bretlandseyjar í heild, að meðtöldu Írlandi. Sérstaklega var því beitt um rómversku nýlenduna sem náði frá Ermarsundi og allt norður að Forthfirði.

Bretland í íslenskum fornritum merkir yfirleitt Wales, en þó bregður því fyrir einnig að heitið *Bretland* lúti að bresku svæði í Suðvestur-Skotlandi (Hermann Pálsson 1961:43-47). Í Tristrams sögu er orðið *breska* notað um kymrísku tungu eða kornbresku og í Strengleikum um bretónsku.

Orðið *Breti* er sprottið af ævaforinri rót. Grikkir kölluðu íbúa Írlands og Bretlands *Pretanoí* og á fornri latínu voru Bretar kallaðir *Britanni* og síðar *Brittones*. Fornírsku orðið *Bretain* (ft.) 'Bretar' heyrir hér til. Á kymrísku er Bretland enn þann dag í dag kallað *Prydain*. Nú heyrir kymrísku til svokallaðra **P-mála** í keltnesku, rétt eins og kornbreska og bretónska, en írsku er á hinn bóginn **Q-mál** og svo eru þær írsku mállýskur sem kallast manska og gelíska.⁶ Glöggur munur á P-málum og Q-málum birtist í upphafi ýmissa orða þar sem tilteknir samhljóðar hafa þróast hvorir í sína áttina. Þannig er töluorðið 'fjór-ir' *cethir* á fornírsku en *petguar* á fornkymrísku. Því er ekki undarlegt þótt kymrísku landsheitið *Prydyn* 'Bretland' samsvari fyrra hluta orðsins *Cruithan-túath* á írsku, sem merkir 'Péttaland'; írsku orðið *tuath* merkir bæði 'þjóð' og einnig 'það land sem hún byggir'.⁷ Að Cruithne og Péttum verður vikið síðar.

Engar heimildir geta um breska landnámsmenn hérlandis, en bæjarnafnið *Bretalækur* (nú *Brekkulækur*) í Miðfirði virðist gefa í skyn að

⁶ Um skyldleika keltneskra tungna sjá Holger Pedersen 1909-13.

⁷ Málið er dálítið flókið og til glöggvunar skal vitna í nafnaskýringar frá O'Rahilly. Hann gerir ráð fyrir tveim frumbreskum myndum **Pritení* og **Pritaní*. „The former is the forerunner of Irish *Cruthin*, and of Welsh *Prydyn* which means primarily 'Picts' and secondarily 'Pictland' [...] The alternative form **Pritaní* [...] survives in Welsh *Prydain* (Mid. W. *Prydein*), 'Britain'. In early Welsh literature *Ynys Prydein* invariably means 'Britain'; but otherwise *Prydein* has often the restricted sense of 'Pictland' (like *Prydyn*)" (O'Rahilly 1946:444).

þar hafi Bretar verið á ferð. Helgi Guðmundsson (1997:198) nefnir ör-nefnin *Bretahraun* og *Bretalæk* í Kolbeinsstaðahreppi og *Bretavatn* og *Bretalæk* á Mýrum.

4. Kornbretar, Kornbretaland

Heitin *Kornbretar* og *Kornbretaland* koma fyrir í tveim ritum; í Breta sögum merkir *Kornbretaland* 'Cornwall' (sjá t.d. Breta sögur 1914), en í Strengleikum er það tvírátt; það virðist lúta að Cornwall í Geitarlaufi en annars staðar að Cornouaille í Bretagne; eldri mynd þess var einmitt *Cornwaille* (Cook & Tveitane (útg.) 1979:181). Íslenska heitið *Kornbretar* er ekki komið úr ensku, enda kölluðust þjóðin og landið forðum *Corn-wealas* á þeirri tungu, sem hefði orðið **Korn-valir* íslensku ef enska nafnið hefði verið tekið til fyrirmyndar. Hins vegar er íslenska heitið í fullu samræmi við írska venju, þó að liðaröð sé önnur: *Bretain Corn*. Og ekki er það síður athygli vert að landsheitið *Tír Bretan Corn* hefur nákvæmlega sömu liði og *Kornbretaland* á íslensku, enda merkir írska orðið *tír* 'land'. Hér virðist því vera um að ræða írska áhrif á íslenskt tökuheiti vestan um haf.⁸

Í Strengleikum er hið *Syðra Bretland* notað um Bretagne. Frá hinu Syðra-Bretlandi liggja rætur um Strengleika til norrænnar menningar. Strengleikar eru norsk þýðing franskra ljóðsöngva (*lais*) sem skáldkonan Marie de France orti á síðara hluta tólftu aldar, en hún vitnar í bretónskan kveðskap ljóðum sínum til styrktar. Einn söngurinn í Strengleikum heitir *Laustik* og þar er nafn næturgalans gefið á þrem þjóðtungum: *laustik* í bresku máli (= bretónsku), *russinol* í völsku (= frönsku) og *nictigal* á ensku. Bretónska orðið er raunar *eostik* (*l-* er ákveðinn greinir) og er sama uppruna og *eos* á kymrísku, sem einnig merkir 'næturgala'.

⁸ Þótt undarlegt sé þá gleymir Helgi Guðmundsson að geta um kornbresku í yfirliti sínu yfir keltneskar tungur: „Brezka var keltneskt mál eins og írska en fjarskyld. Hún lifir enn sem velska eða kymrísku í Wales, og náskyld henni er bretónska í Bretagne“ (1997:3). Hér átti hann vitaskuld að nefna kornbresku sem er öllu skyldari bretónsku en kymrísku. Í rauninni nær það engri átt að ræða um skyldleika kymrísku og bretónsku án þess að taka einnig mið af kornbresku. Þessi forntunga Kornbreta leið undir lok seint á 18. öld en hefur nú verið endurvakin.

5. Pétland

Enginn vafi leikur á að *Pétland* er tökuheiti úr ensku, en á þeirri tungu að fornu brá þjóðarheitinu *Péttar* fyrir í ýmsum myndum: *Peohtas*, *Pyhtas*, *Pehtas*. Enska orðið virðist vera komið úr latínu: *Picti*. Þjóðarheitið *Péttar* kemur aldrei fyrir í íslenskum fornritum, en í norska ritinu *Historia Norvegiae* frá því um 1200 (sjá t.d. *Historia Norvegiae* 1950) segir að Orkneyjar hafi fyrst verið byggðar Pétum (Peti) og Pöpum (Papae). Norræna heitið á sundinu milli Orkneyja og meginlands Skotlands, *Péttlandsfjörður*, sýnir að norrænir menn hafa notað heitið *Péttland*.

Á írsku voru notuð orðin *Cruithne*, *Cruthin* eða *Cruthnig* um þann þjóðflokk á Írlandi sem gekk undir heitinu *Péttar* í Skotlandi, eins og áður var gefið í skyn. Flest er á huldu um *Cruithne*, en lítið fer fyrir þeim á Írlandi eftir að ritöld þar hefst.⁹ Öðru máli gegnir um Skotland, enda var þar péttneskt konungsríki við lýði fram á níundu öld.

Því hefur verið haldið fram að Erplingar í Dölum séu af péttneskum rótum (Hermann Pálsson 1961–62:66–69), og væri þó réttara að rekja ættir þeirra aftur til *Cruithne* á Írlandi. Eyjarheitið *Pjattland* á Breiðafirði og *Pjattasteinn* í Barðastrandasýslu virðast einnig gefa í skyn að *Péttar* hafi slæðst hingað á landnámsöld.

6. Valir, Valland, valskr

Á fornesku gat nafnorðið *wealh* merkt 'útlendan mann', 'breskan Kelta' og 'þræl'. Síðastnefnda merkingin er sjaldgæf í íslensku en þó er *vala mengi* í Sigurðarkviðu skömmu talið merkja 'þræla fjölda'. Fyrri liðurinn í skáldlegum samsetningum á borð við *vala mál*, *vala rípt* og *valbauga* er talinn benda annaðhvort til útlendinga eða Breta (velskra manna). Í óbundnu máli íslensku mun *valskur* ávallt merkja 'franskur', einkum 'norður-franskur' eða 'normanskur'. Tunguheitið *valska* merkti 'frönsku, normönsku'. Höfundur Gunnlaugs sögu á þrettánda öld þótti skylt að skýra þau býsni að Aðalráður ráðalausi, enskur konungur á öndverðri elleftu öld, launaði Ormstungu ríflega fyrir lof-

⁹ In early Christian Ireland remnants of the Cruthin survived in scattered communities, mainly in the northern half of Ireland" (O'Rahilly 1946:341).

kvæði: „Ein var þá tunga á Englandi sem í Nóregi ok í Danmörku. En þá skiptusk tungur í Englandi, er Vilhjálmr bastarðr vann England; gekk þaðan af í Englandi valska, er hann var þaðan ættaðr“ (*Gunnlaugs saga* 1938:70). Söguhöfundur hefur vitaskuld enska yfirstétt einkum í huga.

Í íslenskum forritum mun *Valland* ávallt merkja Frakkland eða Normandí, en þjóðarheitið *Valir* er flóknara viðfangs. Merkingin ‘Frakkar, Norður-Frakkar’ er algengust, svo sem í Fagurskinnu (*Ágrip* 1985:293): „Þá riðu valskir menn í móti og börðust þeir, og flýðu Valir.“ Í Merlínusspá (I, 23) notar Gunnlaugur þjóðarheitið um íbúa Kornbretalands, jafnvel þótt hann beiti heitinu *Kornbretar* tvívegis annars staðar í sama skyni. Bendir setningin *Valir skjálfa* (sbr. *Weales*) til enskra áhrifa? Freistandi er að gera ráð fyrir því að í vísunni sem telur upp ráðendur ýmissa þjóða lúti staðhæfingin *Völum* [réð] *Kjár* einnig að Kornbretum (Hermann Pálsson 1997:181).

7. Niðurlag

Hér hafa verið talin helstu orð um keltneskar þjóðir og tungur sem koma fyrir í íslenskum ritum. Vonandi hefur tekist að sýna fram á að nauðsynlegt er að huga vel að þeim þegar fjallað er um samskipti Íslendinga við þjóðir á Bretlandseyjum.

RITASKRÁ

- Ágrip 1985 = *Ágrip af Noregskonunga sögum*, Fagrskinna, Nóregskonunga tal. Bjarni Einarsson gaf út. Hið íslenszka fornritafélag, Reykjavík, 1985.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson. 1965a. Írland = Ísland. *Tímarit Máls og menningar* 26:72–81.
- Björn Þorsteinsson. 1965b. Hlutur Kelta í landnámi Íslands. *Tímarit Máls og menningar* 26:352–61.
- Breta sögur 1914 = *Breta sögur hinar fornu*. Prentaðar eftir útgáfu Jóns Sigurðssonar forseta í dönskum annálum 1848. Reykjavík, 1914.
- Bright, James-Wilson. 1891. *Bright's Anglo-Saxon Reader*. Revised and enlarged by James H. Hulbert. Holt, Rinehart and Winston, New York. [Endurprentuð 1964.]
- Cook, Robert, og Mattias Tveitane (útg.). 1979. *Strengleikar*. Norsk historisk kjeldeskrift-institut, Oslo.

- Gunnlaugs saga 1938: *Borgfirðinga sögur*. Hænsa-Þóris saga, Gunnlaugs saga orms-tungu, Bjarnar saga Hítðœlakappa, Heiðarvíga saga, Gísls þátrr Illugasonar. Sig-urður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1938.
- Hreinn Benediktsson. 1972. *The First Grammatical Treatise*. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um haf innan*. Vestrænir menn og íslensk menning á mið-öldum. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Hermann Pálsson. 1961. Athugasemd um nafnið Bretland. *Saga* 1:43–47.
- Hermann Pálsson. 1961–62. Forfeður Erplinga. *Íslensk tunga* 3:66–69.
- Hermann Pálsson. 1997. *Keltar á Íslandi*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Historia Norvegiae*. 1950. Den eldste Noregs-historia. Þýðandi Halvdan Koht. 2. útg. Norrøne bokverk 19. Oslo.
- Landnáma 1968 = *Íslendingabók*. *Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1968.
- Laxdæla 1934 = *Laxdæla saga*, Halldórs þættir Snorrasonar, Stúfs þátrr. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1934.
- Orkneyinga saga 1965 = *Orkneyinga saga*, Legenda de sancto Magno, Magnúss saga skemmri, Magnúss saga lengri, Helga þátrr ok Úlfs. Finnboði Guðmundsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1965.
- Pedersen, Holger. 1909–13. *Vergleichende Grammatik der keltischen Sprachen* I–II. Vandenhoeck & Ruprecht, Göttingen.
- O’Rahilly, Thomas F. 1946. *Early Irish History and Mythology*. Dublin Institute for Advanced Studies, Dublin.
- Sveinbjörn Rafnsson. 1999. Merlínusspá og Völuspá í sögulegu samhengi. *Skírnir* 173:377–419.

SUMMARY

‘Celtic Languages and Peoples’

Keywords: onomastics, loan words, lexical borrowing

The present note discusses various Icelandic terms denoting the Celtic languages and peoples of the British Isles. Notwithstanding the fact that a good many of the original settlers of Iceland (c. 870–c. 930) hailed from Ireland and the Western Isles of Scotland, the terms *Írland* and *Írskr* derive from OE *Írland* and *irisc*. The same applies to *Skotland* and *skozkr* from OE *Scotland* and *scyttisc*. There can be no doubt that the four Icelandic words involved were borrowed from OE in pre-Viking times. The same appears to be the case of Icelandic *Bretland* and *brezkr* from OE *Bretaland* and *brytisc*. The term *Pictland* and *Pictish* do not occur in early Icelandic except in the compounds *Pétlandsfjörðr* ‘the Pentland Firth’, *Pjattland*, the name of an island

off the west coast of Iceland, and *Pjattasteinn*, a place name also in the west of Iceland.

The terms *Valland* and *valskr* refer exclusively to France and Normandy; the linguistic label *valska* denotes either 'French' or 'Norman French'. But the ethnic name *Valir* is more complex. Although its most common sense implies people who are 'French' or 'Norman French', the meaning 'Cornish' is also attested.

Hermann Pálsson, Professor Emeritus

14 Royal Terrace Mews

Edinborg EH7 5BZ

Skotlandi